

# Reglugjörð

um

## sameiginlegan brunabótasjóð fyrir sveitahíbýli.

Samkvæmt lögum 20. október 1905 um váttrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, er hjermeð stofnaður sameiginlegur brunabótasjóður fyrir sveitahíbýli hjer á landi og. í sambandi við reglugjörð 20. október 1906 um brunabótasjóði sveitarfjelaga, sett eftirfarandi reglugjörð um sjóðinn.

### 1. gr.

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði er skylt að endurtryggja helming þeirra tveggja þriðjunga virðingarverðs allra híbýla og annara húsa, sem váttrygð eru í brunabótasjóðum sveitarfjelaganna. Aðrar endurtryggingar tekur sjóðurinn ekki að sjer.

### 2. gr.

Úr brunabótasjóðum sveitarfjelaganna skal greiða í hinn sameiginlega brunabótasjóð helming allra iðgjalda, sem váttryggjendur greiða í brunabótasjóði sveitarfjelaganna.

### 3. gr.

Nú verða brunar svo miklir á húsum, sem endurtrygð eru í hinum sameiginlega brunabótasjóði, að hann hrekkur ekki til greiðslu endurtrygginga, og lánar landssjóður þá vaxtalaust það sem á skortir, og endurborgast það eftir því sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiri upphæð en 10,000 kr., skal leggja á alla brunabótasjóði sveitarfjelaganna aukagjald að rjettu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem umfram er 10,000 kr., greiðist landssjóði að fullu á ekki lengri tíma en 10 árum.

### 4. gr.

Til stofnunar hins sameiginlega brunabótasjóðs eru veittar 10,000 kr. úr landssjóði.

### 5. gr.]

Gjalddagi á iðgjöldum til hins sameiginlega brunabótasjóðs er 15. dagur desembermánaðar ár hvert.

52

Nú tekur brunabótasjóður sveitarfjelags að sjer váttrygging á milli aðal-  
gjaldþaga, og er þá gjaldþagi á endurtryggingariðgjaldinu 2 mánuðum á eftir  
gjaldþaganum á váttryggingariðgjaldinu.

## 6. gr.

Þegar hús eru tekin til váttryggingar í brunabótasjóðum sveitarfjelaga  
samkvæmt ákvæðunum un: þá sjóði, eru þau jafnframt komin í endurtrygging  
hjá hinum sameiginlega brunabótasjóði.

## 7. gr.

Nú er hús tekið í váttrygging af brunabótasjóði sveitarfjelags, og skal  
þá hreppsnefnd senda stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs eftirrit af bruna-  
ábyrgðarskirteininu og lýsingar- og virðingargjörðinni á hinu váttrygða húsi ásamt  
endurtryggingariðgjaldinu. Skal þetta sent svo fljótt sem hægt er og að minsta  
kosti fyrir gjaldþaga á endurtryggingariðgjaldinu samkvæmt 5. gr. hjer á undan.  
Hafi eftirrit af virðingargjörðinni verið sent áður en gjald er sent, þarf það ekki  
að fylgja með, en geta skal hreppsnefnd þess þá, hvenær það hafi verið sent.

## 8. gr.

Ef stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs finnur ekkert að athuga  
við váttrygginguna, gefur hún út endurtryggingarskirteini handa brunabótasjóði  
sveitarfjelagsins samkvæmt brunaábyrgðarskirteini hreppsnefndar. Hafi hún hins  
vegar eitthvað að athuga við váttrygginguna, svo sem flokkun eða annað, gefur  
hún út endurtryggingarskirteini með breytingum samkvæmt fyrirbyggjandi skil-  
rikjum eða upplýsingum, sem hún hefir æskt og fengið frá hlutaðeigandi hrepps-  
nefnd, og leggur jafnframt fyrir nefndina að leiðrjetta ábyrgðarskirteini það,  
sem vátbyggjandi hefir fengið, og innheimta hjá honum aukagjald eða endur-  
greiða honum af iðgjaldi eftir atvikum. Þar til brunaábyrgðarskirteini hreppsnefnd-  
ar er leiðrjett samkvæmt þessu, gildir það gagnvart vátbyggjanda eftir innihaldi  
sinu, en hreppsnefndin ber ábyrgð á því, að það sje leiðrjeitt eða nýtt skirteini,  
er nemur það úr gildi, gefið út án tafar.

## 9. gr.

Brunabótasjóðir sveitarfjelaganna varðveita endurtryggingarskirteinin, en  
vátbyggjendur fá aðeins brunaábyrgðarskirteini brunabótasjóða sveitarfjelaganna.

## 10. gr.

Þegar brunaskaði verður á endurtrygðu húsi, skal hreppsnefnd tilkynna  
stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs brunann og síðan svo fljótt sem unt er,

eftir að hún hefir fengið hina fyrirskipuðu brunaskoðunargjörð, brunavirðing og önnur skilríki um brunann, senda þau til stjórnar hins sameiginlega brunabótasjóðs og krefjast greiðslu á endurtryggingunni samkvæmt þeim.

52

## 11. gr.

Hinn sameiginlegi brunabótasjóður greiðir helming þeirra brunabóta, sem skylt er að greiða úr brunabótasjóðum sveitarfjelaganna samkvæmt ákvæðunum um þau.

## 12. gr.

Hinn sameiginlegi brunabótasjóður greiðir að helmingi við brunabótasjóð sveitarfjelags, er í hlut á, kostnað við skoðanir þær og virðingar, er fram skulu fara út af brunum, og skal hreppsnefnd senda stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs kostnaðarreikningana og beiðast útborgunar á þeim að hálfu.

Stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs getur krafist á kostnað sjóðsins yfirvirðingar á brunaskaða, og kveður sýslumaður þá til þess fyrir rjetti 4 menn óvilhalla.

## 13. gr.

Þegar stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs hefir yfirfarið öll skilríki viðvíkjandi bruna, telur brunabætur eiga að greiðast og hefir ákveðið þær samkvæmt þar að lútandi ákvæðum, greiðir hún endurtrygginguna brunabótasjóði sveitarfjelagsins, sem í hlut á, er til útborgunar brunabóta kemur, en hreppsnefnd greiðir brunabæturnar á þann hátt, sem fyrir er mælt í reglugjörðinni um brunabótasjóði sveitarfjelaga.

Nú eru brunabætur eða hluti af þeim fyrir einhverjar orsakir ekki útborgaðar, og fellur þá endurtryggingarupphæðin að sama skapi aftur til hins sameiginlega brunabótasjóðs.

## 14. gr.

Þangað til ákvæði 23. gr. laga nr. 58 frá 22. nóv. 1907 kunna að koma til framkvæmda annast stjórnarráðið stjórn og framkvæmdir hins sameiginlega brunabótasjóðs og sjer um ávöxtun fjár hans á tryggilegan hátt. Stjórnarráðið getur þó, er því þykir nauðsyn bera til, falið einum eða fleiri mönnum stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, sem það ákveður.

Kostnaður við nauðsynleg eyðublöð handa hinum sameiginlega brunabótasjóði og brunabótasjóðum sveitarfjelaganna skal greiddur úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

52

15. gr.

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að virðing til váttryggingar á húsum í fleiri eða færri af hreppum þeim, þar sem brunabótasjóður er stofnaður, sje of há, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðing eftir því sem ástæða virðist til. Lækki virðing á þeim húsum til jafnaðar við endurvirðing, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi sveitarfélags, en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

16. gr.

Reikningsár hins sameiginlega brunabótasjóðs er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun og birtir í B-deild stjórnartíðindanna ár hvert.

17. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 15. apríl 1909.

Í stjórnarráði Íslands, 2. apríl 1909.

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

53

# Reglur

um

**afnot Landsbókasafns Íslands.**

## A. Um afnot bóka og handrita í lestrarsalnum.

1. gr.

Lestrarsalurinn er opinn hvern virkan dag í 6 klukkustundir frá kl. 12 —3 og 5—8 síðdegis.

2. gr.

Hverjum manni, sem er fullra 15 ára eða eldri, þokkalega til fara og hreinn, er heimilt að nota bækur og handrit Landsbókasafnsins í lestrarsalnum,